

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá - Skýrsla nr. 18

Bátaskrá Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Safnahúsinu á Húsavík



Árabátar í Húsavíkurfjöru.¹

Helgi Máni Sigurðsson

2019

¹ Saga Húsavíkur IV bls. 72

Inngangur

Byggðasafn Þingeyinga á ellefu fornbáta og tvær eftirgerðir. Sex bátanna, þar af þeir tveir sem eru eftirgerðir, eru innandyrá á fastasýningu sjóminjasafnsins í Safnahúsinu á Húsavík og fer vel um þá þar. Sjö bátar eru síðan á útisvæði þar sem aðstæður eru óviðunandi. Flestir þeirra eru í slæmu ástandi en þó má bjarga þeim öllum ef það er ákveðið. Það verður aðeins gert með því að koma þeim inn í hús. Það dugir ekki, sem gert er nú, að hafa þá inni í góðri girðingu og breiða yfir þá yfir veturinn.²

Fastasýning sjóminjasafnsins var opnuð í apríl 2002. Hún gefur mynd af sögu og þróun útgerðar og bátasmíði í Þingeyjarsýslum bæði á árabátatímanum og vélbátöld. Á sýningunni er auk bátanna til sýnis fjöldi veiðarfæra, tækja og tóla sem notuð voru við fiskveiðar, sel- og hákarlaveiðar. Sýningin varpar skýru ljósi á mikilvægi hafsins fyrir mannlíf og þróun byggðar í Þingeyjarsýslum.³

Þessi skýrsla fjallar ekki aðeins um bátana sjálfa heldur einnig sjómennina sem notuðu bátana. Leitað var að greinum og frásögnum um þá og hafa með því fengist fyllri upplýsingar um notkun bátanna.



Frá fastasýningu sjóminjasafnsins, í Safnahúsinu á Húsavík. Ljósmynd af husmus.is

² Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík, dags. 6.12. 2001 (skýrsla).

³ husmus.is

Bátaskrá

Hreifi	4
Dagfari	10
Sæþór TH 56	16
Hafdís ÞH 12	22
Steingrímur EA 644	28
Farsæll ÞH	33
Njörður TH 246	36
Þráinn ÞH 2	40
Gaflbytta	45
Bjarki ÞH 271	48
Prammi (nýsmíði)	52
Hrafn (nýsmíði)	55
Helgi ÞH 94 (skyndiskráning)	59



Höfnin á Húsavík árið 1910. Báturinn fremst á myndinni til hægri er fyrsti vélbátur Húsvíkinga.⁴

⁴ Saga Húsavíkur IV bls. 105 og 107



Hreifi, bátur Héðins Maríussonar og Hallmars Helgasonar á sýningu Safnahússins. Ljós. HMS 2018

Hreifi

1. Safnnúmer: 1591

2. Tegund: Árabátur; feræringur; síðar með vél ⁵ (sýndur sem árabátur; engin merki eru um vél)

3. Hlutverk: Fiskibátur; selabátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík

5. Fyrri eigendur:

- Héðinn Maríusson (1899-1989) og Hallmar Helgason (1904-1990); smíðaður fyrir þá

- Síðar eignaðist Héðinn einnig hlut Hallmars og átti hann alla tíð.

- Börn Héðins gáfu bátinn til sjóminjasafnsins. ⁶

6. Varðveislustaður: Sýningarhús sjóminjasafnsins

7. Smíðaár: 1936-1937

8. Smiður: Júlíus Sigfússon bátasmiður

9. Smíðastaður: Húsavík

10. Brúttórúmlestir:

⁵ sarpur.is

⁶ sarpur.is

11. Lengd, breiddog dýpt: 5,9 x 1,83 x 0,73 ⁷

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; súðbyrðingur ⁸

13. Skrokklag:

Í Íslenskum sjávarhátum er lýst lagi þeirra báta sem Júlíus Sigfússon smíðaði og birt teikning af einum báta hans, Mánárbát. Hann var smíðaður árið 1912 og þykir sýna vel bátalag Júlíusar. Hreifi var smíðaður 23 árum síðar og er nákvæmlega jafn langur. Hins vegar virðist hann 17 sm breiðari sem getur skýrst af mismunandi mæliaðferðum. Annars vegar sé um að ræða breidd milli ytri brúnar hástokka, hins vegar mestu breidd. Uppgefin breidd Mánárbáts er sú sem fyrr er nefnd, ekki mesta breidd. ⁹

Lúðvík Kristjánsson segir frá því að Júlíus Sigfússon, sem smíðaði Hreifa, hafi smíðað felsta selabáta sem í notkun voru í Þingeyjasýslum á sínum tíma. Hann talar um Mánárbátinn sem selabát. Hann lýsir honum þannig m.a. að hann hafi verið rúmgóður feræringur. Ennfremur: „Ljúfar beygjur hafa verið í bátnum, samræmdar línur framan á söxunum, góð viðtök á síðunni og því verið góður siglingabátur.“¹⁰ Hann hafi verið ganggóður og áraléttur. Miðað við stærð hafi hann verið kjarkbátur og vel lagaður til burðar.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Fokka og stórsegl

18. Vél: Var með vél á seinni stigum en engin merki eru um hana nú.

19. Siglingatæki og annar búnaður: Árar, segl, masstur, byssur, goggur o.fl. fylgir bátnum.



Hreifi undir seglum. Ljósm. Saga Húsavíkur.¹¹

⁷⁷ Jón Allansson bls. 38

⁸ sarpur.is

⁹ Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir I bls. 384 (og teikningar/mynd af Mánárbát nr. 225)

¹⁰ Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir I bls. 384

¹¹ Saga Húsavíkur IV bls. 86

20. Notkunarsaga:

Hreifi var talinn bera allt að 1000 pund af afla í góðu veðri. Þá var barki fullur og skuturinn einnig og nokkuð í bita- og þófturúmi eftir atvikum.¹² Fyrsti róður á bátnum var farinn vorið 1937 og var veitt út af Saltvík og var aflinn þann dag rúmlega 500 pund. Jón Ármann Héðinsson, síðar ráðherra, þá 9 ára gamall, fékk að fara með og dró fyrsta fiskinn um borð.¹³

Báturinn var notaður í rúm 50 ár. Héðinn Maríusson átti hann og notaði alla tíð, framan af ásamt Hallmar Helgasyni. Héðinn stundaði á honum ýmsar veiðar, m.a. selveiði, grásleppuveiði og hnísuveiði og fór oft á skak.



Skutur Hreifa. Ljós. HMS 2018

Um selveiði

Selveiði hefur frá aldaöldli verið eitt af bjargráðum Íslendinga, mismikið eftir landshlutum. Í Þingeyjarsýslum var hún mikið stunduð og selurinn bæði nýttur heima við og seldur. Veiðar á sel kröfðust talsverðrar kænsku og lagni. Selagöngur komu á hverju ári inn á Skjálfandaflóa og Öxarfjörð og veiddu menn af þeim. Mest mun hafa verið um vöðusel á þessum slóðum og venjulega var hann í flóanum frá því á desember og fram í maí en frávik frá því voru algeng. Selurinn var stundum rotaður á ís eða í látrum, einnig var hann veiddur í net eða nót af ýmsu tagi eftir aðstæðum og með skutli og síðar skotvopnum, mest af bátum. Allar þessar aðferðir tíðkuðust í nágrenni Húsavíkur en sú síðasta, skotveiðin, var algengust þegar kom fram á 20. öldina.

¹² Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001 (skýrsla).

¹³ Af upplýsingaspjaldi á sýningu Safnahússins.

Í landi Húsavíkur eru góðar aðstæður til selveiða. Nokkrir bátar stunduðu þær á hverju ári, t.d. voru þeir 12 árið 1887. Ekki hafa fundist sagnir um að selabátar hafi farist en oft munaði litlu, enda veiðarnar stundaðar að stórum hluta um miðjan vetur. Upp úr aldamótum 1900 voru sennilega flestir selabátarnir smíðaðir af Júlíusi Sigfússyni bátasmið. Til er mæling, mynd og lýsing af bát sem hann smíðaði árið 1912. Selabátarnir voru einnig notaðir til annarra veiða.¹⁴



Horft ofan í Hreifa. Ljós. HMS 2018

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Júlíus Sigfússon bátasmiður

Júlíus smíðaði marga báta svipaða Hreifa sem notaðir voru á Skjálfanda og víðar við selveiðar og annan veiðiskap. Hans er getið nokkrum sinnum í bókaflokknum Íslenskum sjávarháttum.¹⁵

Eigendur bátsins, *Héðinn Maríusson* og *Hallmar Helgason*, voru vel þekktir á Húsavík.


22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Báturinn hefur fengið gott viðhald.

¹⁴ Saga Húsavíkur IV bls. 82-86

¹⁵ Um Júlíus Sigfússon sjá m.a. Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II bls. 362 og Íslenskir sjávarhættir I bls. 384 (og teikningar/mynd nr. 225)



Teikning af Mánarbat, sem sýnir vel lagið á bátum Júlíusar Sigfússonar. Úr Ísl. sjávarháttum I.¹⁶

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Spjald við Hreifa á sýningunni í Safnahúsinu (árið 2018)
- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir I og II. Rvk. 1980 og 1982.
- Karl Kristjánsson: *Bátasmiðurinn á Húsavík*. Tíminn. Sunnudagsblað. 13. feb. 1966, bls. 124-127.
- sarpur.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- Vikudagur (fréttablað) 31. janúar 2017.
- husmus.is 27.12. 2017
- skipamyndir.123.is/blog/record/743865/ 3.1. 2018

Um Héðin Maríusson eru til ýmsar heimildir, m.a. eftir Gísli Sigurðsson (grein í Lesbók Morgunblaðsins 19. janúar 1980) og Stefán Jónsson (afmælisgrein um Héðin áttæðan).

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður


27. Almenn umsögn:

¹⁶ Lúðvík Kristjánsson I bls. 384

Báturinn hefur ótvírætt sögulegt gildi af ýmsum ástæðum, m.a. hver smíðaði hann og notkunarsagan.



Héðinn Maríusson stígur upp úr trillu sinni vorið 1981. Það er grásleppuvertíð í gangi á Húsavík því að á bryggjunni er hrúga af hrognkelsum. Ljós. Hreiðar Olgeirsson.¹⁷



Spjald við Hreifa á sýningunni í Safnahúsinu. Ljós. HMS 2018

¹⁷ <http://skipamyndir.123.is/blog/record/743865/>



Dagfari, árabátur og síðar vélbátur.¹⁸ Ljós. HMS

Dagfari

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; síðar opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur; selabátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík (frá 1993)

5. Fyrri eigendur:

- 1933: Einar Sörensson (1882-1971); upphaflega smíðaður fyrir hann

- 1950: Sören Einarsson (1914-2007); sonur Einars Sörenssonar

- Sören Einarsson og Einar Guðni Njálsson (1944-); gefendur ¹⁹

6. Varðveislustaður: Á sjóminjasýningu Safnahússins á Húsavík ásamt öllum búnaði.

7. Smíðaár: 1933

8. Smiður: Júlíus Sigfússon bátasmiður. Báturinn var upphaflega mjög líkur Hreifa að smíð.

9. Smíðastaður: Húsavík

10. Brúttórúmlestir:

¹⁸ Mynd er fengin úr Sögu Húsavíkur IV bls. 262

¹⁹ sarpur.is

11. Lengd og breidd í m: 5,9 x 1,8 (sú sama og á Hreifa) x 0,80 ²⁰

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Bátslag Júlíusar Sigfússonar

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Ein sigla, gaflsegl

18. Vél:

- Vélarlaus fyrstu tæpa tvo áratugina

- Um 1950: Penta-vél

- 1959: Stuart-vél ²¹

19. Siglingatæki og annar búnaður: Margvíslgur búnaður fylgir bátnum, sbr. meðfylgjandi myndir.



Dagfari; Vél og annar búnaður. Ljós. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Einar Sörensson notaði bátinn til veiða á Skjálfanda frá 1933 til um 1950. Hann var þekkt selaskytta. Sören, sonur Einars, tók við bátnum og notaði hann einnig m.a. til selveiða. Hann notaði bátinn líka mikið á grásleppuveiðar og handfæraveiðar sumar og haust.

²⁰ Dýpt mæld/áætluð 2018

²¹ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001 (skýrsla)

Báturinn var notaður fram yfir 1990. Árið 1993 var hann gefinn til safnahússins á Húsavík ásamt öllum búnaði svo og öllum hleðsluáhöldum Einars Sörenssonar. Gefendur voru Sören Einarsson og Einar Guðni Njálsson bæjarstjóri (systursonur Sörens).²²



Dagfari; skutur. Ljós.: HMS 2018

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Einar Sörensson, fyrsti eigandi bátsins, var þekkt selaskytta á Skjálfanda og er nokkuð vitnað í hann hjá Lúðvík Kristjánssyni í Íslenskum sjávarháttum. Bátasmiðurinn, Júlíus Sigfússon, smíðaði um alllangt skeið flesta báta Húsvíkinga og annarra sem bjuggu við Skjálfanda. Þóttu bátar hans falleg skip, traust og góð.²³

Um Einar Sörensson (úr minningargrein eftir Karl Kristjánsson)


Fljótlega varð (þó) sjósóknin aðalatvinna hans og eftirlætisiðja. Stundaði hann sjóinn þar til hár aldur hamlaði. Tók þátt í öllum tegundum veiða, er sjómenn stunduðu frá Húsavík, á þessu langa tímabili. Var talinn í fremstu röð húsvískra sjómanna í hvívetna og með afbrigðum öruggur sæfari í stórviðrum. Því tilþrifameiri og snarráðari sem meira reyndi á. Allítarleg frásögn af hreystilegri sæför, sem hann fór „Einn á báti“, er í bókinni: „Brim og boðar“, sem gefin var út 1949.

Einar var mikil og happasæl skytta. Hann reri oft í sel á útmánuðum, eins og allmargir Húsvíkingar gerðu, þó nú sé aflagt. Notaði hann jöfnum höndum haglabyssu og kúlurifil. Skrá hélt hann um veiðar sínar. Sést þar að hann fékk flest 8 seli í einum heimanróðri.

²² Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001 (skýrsla); sarpur.is

²³ Karl Kristjánsson: Bátasmiðurinn á Húsavík bls. 124

Eitt sinn sagði ég við hann, að kunnugir segðu, að hann hefði verið allra manna „hér um slóðir“ fljótastur að hefja byssu og ná sigtun. Spurði ég hann um leið, hvernig hann hefði lært þá fimi, svo hæglátur, sem hann sýndist vera. Hann svaraði: „Ekki er alltaf að marka það, sem gengur í sögum manna á milli. En skotmennska mín – það, sem hún var – kom af sjálfu sér. Ekki var líklegt til góðs árangurs að gaufa við að hefja byssuna, þegar selshöfuð kom úr sjó í færi, og ekki var til neins á kvikandi kænu að sigta lengi. Nei, þá var sigurinn undir því kominn að vera maður augabragðsins. Máské átti ég skotheppni mína mest því að þakka, að ég var að mestu laus við glímuskjálfta, en þó með nokkurt kapp í skapi.“²⁴



Dagfari; miðskip og barki. Ljósmynd: HMS 2018

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Baldur Pálsson, bátasmiður á Húsavík, skipti um efsta borð í bátnum 1961 til að gera hann burðarmeiri.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Sýningarspjald í Safnahúsinu.

²⁴ Karl Kristjánsson: Einar Sörensson 1971

- sarpur.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- Karl Kristjánsson: Bátasmiðurinn á Húsavík. Tíminn, Sunnudagsblað, 13. feb. 1966.
- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávahættir I-II. Rvk. 1980 og 1982
- Oddný Njálsdóttir o.fl.: Sören Einarsson. Morgunblaðið. Minningargrein 1.11. 2007.
- Karl Kristjánsson: Einar Sörensson minning. Íslendingaþættir Tímans 19. maí 1971

Einn á báti. Brim og boðar, 1949 (um Einar Sörensson) – skoða

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:


Áhugaverður bátur fyrir ýmissa hluta sakir, m.a. uppruna og sögu. Mikið af búnaði fylgir bátnum sem eykur gildi hans verulega.



Dagfari; slit á borðstokk. Ljós.: HMS 2018



Önglar í Dagfara.



Upplýsingaspjald við Dagfara, 2018.



Sæþór TH 56 á útisvæðinu við sjóminjasafnið á Húsavík. Ljós. HMS 2018

Sæþór TH 56

1. Safnnúmer: 1593

2. Tegund: Opinn vélbátur; trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík

5. Fyrri nöfn og eigendur:

- 1944: Sæþór TH 56. Gísli Friðbjarnarson (1895-1974), sjómaður ²⁵, Skuld, Húsavík
- 1955: Hafþór; Seldur austur í Leirhöfn á Melrakkasléttu; kaupendur voru Árni Pétur Lund (1919-2002) bóndi í Miðtúni við Leirhöfn og mágur hans. ²⁶
- Síðar var hann í eigu Árna og Maríusar, bróður hans. ²⁷
- 1975: tekinn af skrá (notaður til 1979)
- Báturinn er gefinn Byggðasafni Þingeyinga. Gefandi: Árni Pétur Lund (1919-2002) ²⁸

²⁵ Starfsheitið kemur fram í gardur.is

²⁶ Níels Árni Lund bls. 176 (myndatexti á ónúmeraðri blaðsíðu)

²⁷ Sama heimild

²⁸ sarpur.is

- 6. Varðveislustaður:** Á útisvæði sjóminjasafnsins á Húsavík
- 7. Smíðaár:** 1944
- 8. Smiður:** Jóhann Sigvaldason bátasmiður
- 9. Smíðastaður:** Húsavík
- 10. Brúttórúmlestir:** 1,62
- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 6,6 x 1,8 x 0,8 ²⁹
- 12. Smíðaeefni og samsetning skrokks:** eik og fura, súðbyrtur
- 13. Skrokklag:** framstefni er beint, nánast lóðrétt
- 14. Þilför:**
- 15. Yfirbygging:**
- 16. Lokuð rými:** Vélarhús
- 17. Möstur og seglabúnaður:**
- 18. Vél:**
- 1944: Falkon-vél, 6 hö
- 19. Siglingatæki og annar búnaður:**



Hafþór, áður Sæþór TH 66, kemur til hafnar í Leirhöfn sneisafullur af hrognum og grásleppu, sennilega milli 1960 og 1970. ³⁰

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður fyrir Gísla Friðbjarnarson sjómann, Skuld, Húsavík. Hann réri á honum frá Húsavík fyrsta áratuginn.

1955 var hann seldur austur í Leirhöfn á Melrakkaslétu og var þar síðan eða í aldarfjórðung, nefndist þá Hafþór. Kaupendur bátsins voru Árni Pétur Lund, bóndi í Miðtúni í Leirhafnarlandi,

²⁹ Skv. skýrslu árið 2001 er breidd hans 210 sm. Skv. sarpi er breidd hans 180 sm.

³⁰ Níels Árni Lund bls. 176 (myndatexti á ónúmeraðri blaðsíðu)

og mágár hans. Báturinn reyndist mjög vel. Hann var notaður til grásleppuveiða og einnig var honum oft róið til fiskjar á miðin við Rauðanúp.³¹

Árni Pétur stundaði grásleppuveiðar ásamt búskap. ³² Hann gaf bátinn Byggðasafni Þingeyinga.³³



Sæþór TH 56 á útisvæðinu við Safnahúsið á Húsavík, barki. Greinilega hefur verið byrjað að gera bátinn upp en nokkuð er í land. Ljós. HMS 2018

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Gísli Friðbjarnarson

Gísli Friðbjarnarson, fyrsti eigandi Sæþórs, stundaði sjómennsku á smábátum alla sína starfsævi. Hann hóf formennsku sína á árabátum og var meðal annars meðeigandi og formaður á Klakki sem var í eigu Borgarhólsfeðga á þriðja áratugnum. Einnig var hann meðeigandi og formaður á árabát sem hét Skarpur. Hann og annar til eignuðust bátinn Þór TH 259 árið 1929, sem þeir gerðu út í sex ár og var Gísli skráður formaður öll árin. Þór hverfur úr útgerð 1934 og kann hann að hafa skemmst í miklu brimi sem kom í október 1934 eins og fjölmargir aðrir bátar Húsvíkinga.

Næstu ár reri Gísli með öðrum og eignaðist ekki aftur bát fyrr en árið 1944 en það var var trillan Sæþór. Gísli gerði hann út við annan mann í áratug en seldi hann síðan. Árið 1955 eignaðist hann minni trillu, Dverg, sem var um eitt tonn að stærð og stundaði Gísli sjóinn á honum fram undir 1970. Veiðarfæri Gísla voru alla tíð lína og handfæri.³⁴

³¹ Níels Árni Lund bls. 176 (myndatexti á ónúmeraðri blaðsíðu)

³² Árni Pétur Lund. Minningargreinar. Morgunblaðið 9. mars 2002.

³³ Skv. skýrslu árið 2001

³⁴ Saga Húsavíkur IV bls. 263-264

Samfélagið við Leirhöfn

Báturinn var gerður út fr á Leirhöfn eftir 1955, eins og fyrr greinir. Árið 2010 kom út bók, 352 bls. að lengd, sem heitir *Af heimaslóðum. Brot af sögu Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélagsins við Leirhöfn á Melrakkaslétu*. Höfundurinn er sonur þeirra hjóna, Níels Árne Lund. Einn kafli í bókinni heitir *Róið til fiskjar* og fjalla um útgerðina á Sæþóri, sem þá hét Hafþór. Meginhluta þess kafla má sjá á bls. 21.³⁵

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Gert var við bátinn þegar hann kom til safnsins og byrjað er að gera við hann á ný.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Níels Árne Lund: *Af heimaslóðum*. Rvk. 2010
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rvk. 1999, bls. 161.
- sarpur.is
- Árni Pétur Lund. Minningargreinar. Morgunblaðið 9. mars 2002.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Báturinn er áhugaverður m.a. fyrir það að Jóhann Sigvaldason smíðaði hann. Einnig að Gísli Friðbjarnarson, sem alla tíð stundaði smábátaútgerð, átti hann og gerði út í áratug.

³⁵ Níels Árne Lund bls. 320-321



Sæþór TH 56 á útisvæðinu við Safnahúsið á Húsavík, skutur. Ljós. HMS 2018



Sæþór TH 56 á útisvæðinu við Safnahúsið á Húsavík, afturstefni. Ljós. HMS 2018

Róið til fiskjar

Á vorin og fram á haust fiskaðist oft vel við Rauðanúp og það var fastur liður hjá þeim mágum á neðri bæjunum að fara á Hafþóri til að ná í soðið og verka fyrir heimilin, en einnig kom fyrir að lagt væri eitthvað inn eða aflanum komið í verð á annan hátt. Fannst okkur mikið til þessarar trillu koma.

Ég minnst spennandi daga þegar Hafþór var sjósettur fyrst á vorin, nýmál-aður og tjargaður. Röðuðu kallarnir sér á bæði borð, settu hrygginn í bátinn og kallað var: Samtaka – og nú – og þá rann báturinn aftur á hlunna sem við krakkarnir skutum undir kjölinn – og alveg út í sjó. Þar lá hann svo við legufæri á vikinni um sumarið og var róið út í hann á séttu til að ausa reglu-lega. Fyrir kom að hann eða aðrir bátar slitnuðu upp, en þar sem sandur er fyrir botni hafnarinnar urðu aldrei á þeim neinar verulegar skemmdir. Hins vegar kostaði bras að ná þeim aftur á flot og að finna bólfæri þeirra á höfninni að nýju. Man ég eftir slíkri leit og eins þegar mönnum tókst að koma í veg fyrir að Hafþór ræki upp í vondu veðri. Hafþór er nú varðveittur í Safnahúsinu á Húsavík.

Þá þurfti að koma fyrir færunum og man ég hvað þeir karlar voru montnir þegar þeir höfðu fjárfest í handsnúnum færarúllum með nylongirni og allavega litum önglum. Fóru þeir með okkur í svolítinn túr um höfnina áður en við vorum settir í land en þeir héldu með kaffibrúsa sína og nesti út fyrir Rauðanúp. Leið svo og beið og stundum var hringt í Núpskötlu eða Grjótnes til að fréttu hvort eitthvað sæist til þeirra.

Eitt sinn var komið fram á kvöld og niðapoka skollin á, sem ekki var vanalegt í Leirhöfn, en annars blíðskaparveður. Ekkert hafði spurst til sjófarenda og var ég orðinn hræddur um pabba minn. Við fórum niður á bakka og biðum og ég bað þess að allt gengi vel. Biðin var löng en allt í einu fórum við að heyra hljóð; dugga, dugga, dugga, dugga – mótorskelli sem við þekktum. Mikið var ég feginn. Að landi komu þeir með drekkhlaðinn bát. Var þá fiskinum landað og skipt í fjórar hrúgur, ein á hvern bátsverja og ein á bátinn. Þegar því var lokið snéri Stjáni sér undan en pabbi eða Steinar benti á eina hrúguna og spurði: Hver á þessa? og Stjáni sagði: Steinar, eða kannski báturinn og þannig var haldið áfram þar til hver og einn auk bátsins hafði fengið sína hrúgu. Þá kom einhver okkar bræðra á traktornum með heyvagninn aftan í og á hann settum við afla pabba. Einhverjir fóru með Hafþór út á leguna þar sem hann beið næsta róðurs. Þá var ekið með aflann heim í geymslu þar sem fiskurinn var þvegin og verkaður í salt, herðingu eða látinn signa.

Allur afli var nýttur. Nýr þorskur var á borðum meðan gafst og fátt veit ég enn betra en nýja, soðna þorskhausa með lifur að ég tali nú ekki um ef hrogna-brók fylgir með. Mikið var verkað af signum fiski og var hann oft á borðum



Hafdís ÞH 12 í sjóminjasafninu á Húsavík. Ljósma.: HMS 2018

Hafdís ÞH 12

1. **Skipaskrárnúmer:** 5434 **Safnnúmer:** 1592
2. **Tegund:** Opinn vélbátur; trilla
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Safnahúsið á Húsavík (frá árinu 1993)
5. **Fyrri eigandi:**
 - 1952: Jósteynn Finnþogason (1909-1995)
 - 1986: tekinn af skrá
6. **Varðveislustaður:** Á sýningu sjóminjasafnsins á Húsavík með öllum búnaði sem honum fylgdi.³⁶
7. **Smíðaár:** 1952
8. **Smíður:** Baldur Pálsson bátasmiður. Hafdís var tekin út sem sveinsstykki hans.³⁷
9. **Smíðastaður:** Húsavík
10. **Brúttórúmllestir:** 1,36
11. **Lengd, breidd og dýpt í m:** 6,27 x 1,73 x 0,6³⁸

³⁶ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001 (skýrsla)

³⁷ Saga Húsavíkur IV bls. 261

³⁸ Í mælingabréfi fyrir bátinn er gefið upp innanmál og í fetum. Tölurnar þar eru 20,56 x 5,67 x 2,16. Mælibréfið var um borð í bátinum.



Hafðís ÞH 12, úr stýrishúsinu. Ljós. HMS 2018

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Framstefni er beint en afturstefni bogið

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: Frammastur, laust

18. Vél: Albin-vél, 20 hö³⁹

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Meðal sérkenna Jósteins var að hann notaði hvorki dýptarmæli né staðsetningatæki en farnaðist samt vel.⁴⁰ Um borð er Eldon talstöð og kompás frá S. Kjersgaard. Einnig er ýmis veiðibúnaður í bátnum.

20. Notkunarsaga:

Jósteinn átti trilluna Hafðísi alla tíð og reri á henni í áratugi. Sagt er frá því á þessa leið í minningargrein:⁴¹

„1952 kaupir hann síðan litla trillu, sem hann skýrir Hafðísi í höfuðið á dóttur sinni, og þá hefst sá kaflí lífs hans, sem gerir hann að einum frægasta trillukarli á Íslandi. Sjómannsferill hans stendur í 68 ár, þar af er hann með Hafðísi í 38 sumur og rær héðan frá Húsavík. Árið 1958 byrjar hann að nýju samvinnu við föður minn, Bjarna Ásmundsson, sem þá er aftur byrjaður saltfiskverkun, og verður Jósteinn tryggasti viðskiptavinur hans, þar til hann leggur starfsemi

³⁹ Saga Húsavíkur bls. 261


⁴⁰ Saga Húsavíkur bls. 262

⁴¹ sarpur.is

sína niður, 1978. Jósteinn Finnbogason leggur svo Hafdís sinni í naust í hinsta sinn árið 1990, þá orðinn 81 árs gamall.⁴²



Hafdís ÞH 12. Jósteinn Finnbogason við trillu sína.⁴³



Hafdís ÞH 12 á siglingu. Ljósm. Jón Björnsson.⁴⁴


⁴² Ásmundur Bjarnason

⁴³ Saga Húsavíkur IV bls. 261

⁴⁴ Jón Björnsson bls. 129

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Sagt er frá Jósteini í ítarlegu viðtali sem Jón Gunnarsson tók við hann og birtist fyrst í bókinni Gegnum lífins öldur. Viðtalið kom síðar í Sjómannablaðinu Víkingi. Eftirfarandi kaflar eru úr því.



Jósteinn Finnbogason. Mynd: Sigurður Hallmarsson.

Úr viðtali vð Jóstein:

Hvert sóttirðu helst á trillunni?

„Út að Mánáreyjum fyrir utan Tjörnesvitann. Það var alveg gullnáma þar og þessi stóri fiskur gekk upp á slóðina, leifarnar af netafiskinum. En svo voru lúður þar stundum en sjaldnast stórar. Fimmtán til fjörutíu kíló mest. Sums staðar á þessu svæði var líka ýsa. Það var bara upplagt að fara og fá sér í soðið og fara upp á grunnið og ná sér í smáýsu. En stóru lúðurnar sem ég fékk voru fram við Lágey fram á Mánárbrekasundi. Þar eru mið sem ég vissi alveg um nákvæmlega frá gömlum körlum. Þar var hún stóra lúðan, þessi sem ég tók inn ginklofa. Ég var bara að skaka með ásin minn, en þetta var bara ballans með tveimur taumum og tveir önglar á hvorri taug.

Þetta voru stórir önglar með rauðu gúmmíi. Lúðan tók og það fór allt á flugaferð. Ég var þá með Albin-vélina svo að ég stímaði bara á eftir henni og lét hana ráða ferðinni, því að ég vissi að það var svona skepna á króknum. Það var norðaustan hafgola og fínasta veður, svolítil veltingur en báturinn var ekki hár á borðið. En eins og ég sagði hafði hún gleypt þennan öngul með rauða gúmmíinu og það stóð vel í henni.

Svo kom hún upp að borðinu svona þversum og ég rak bara handlegginn ofan í hana upp að olnboga og náði taki undir tálknin og það var ekkert átak að draga hana inn fyrir.

Hún kom eiginlega sjálf inn en ég var allur rispaður eftir tennurnar í henni. Það var búið að segja mér þetta að þær yrðu ginklofa og bitu ekki ef maður kæmist undir tálknin. En þessi lúða var 185 kíló og með allra stærstu lúðum. Hann keypti hana hann Stefán Bárðarson, en hann var á

gömlu Esjunni með stóran hóp af fólki á hringferð umhverfis landið. Stefán var lítill og sver karl og kom niður á bryggjuna og leit á aflann og sagði:

Mér þykir þú hafa dregið úr sjó. Þarna er heljarstór lúða. Viltu ekki selja mér hana? Ég er með fullt skip af fólki og þetta passar handa mér.

Jú, ég sagði að kannski réði ég því. Svo kom verkstjórinn frá lðjuverinu og hann sagði að það væri alveg sjálfsagt að Stefán fengi lúðuna. Svo var lúðan vigtuð og keyrð um borð og ferðafólkið varð ánægt. Verðið var fimm krónur á kílóíð hjá lðjuverinu en hann borgaði mér fimmtán krónur sá gamli. Stefán sagði að það væri stórkostlegur fengur fyrir sig að fá þessa lúðu, en hún var engin smásmíð, tæpar þrjár álnir á lengd.

Þegar ég var að taka við greiðslunni rann blóðið undan peysunni en það greri nú fljótt þegar ég var búinn að fá aurana. Þetta var ævintýri."⁴⁵

Fleiri eftirminnilegar sögur segir Jósteinn af sjálfum sér. M.a. þegar hann árið 1944 missir af túr á bátnum Óðni, sem hann yfirleitt aldrei gerði, en þá fórst Óðinn með manni og mús. Það hindraði hann þó ekki í að halda áfram á sjónum. Hann var kominn á annan bát fjórum eða fimm dögum seinna. Sjómannsferill hans var farsæll að undanskildu slæmu slysi sm hann varð fyrir þegar hann var sjötugur. Hann datt þá ofan á akkeri og fékk eitt flaugið í gegnum sig. Hann sótti þó sjóinn í ellefu ár eftir það.



Hafðís ÞH 12, veiðarfæri í skut. Ljósm. HMS 2018

⁴⁵ Sjómannablaðið Víkingur 4. tölublað 1995 bls. 63



Hafdís ÞH 12, skutur. Ljósm. HMS 2018

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Gert var við bátinn eftir að hann var gefinn safninu.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- Ásmundur Bjarnason: Minningargrein um Jóstein Finnbogason, Morgunblaðið 25.11. 1995
- Jón Gunnarsson: *Skakið hefur aldrei brugðist alveg*. Viðtal við Jóstein Finnbogason. Sjómannablaðið Víkingur 4. tölublað 1995 (úr bókinni Gegnum lífins öldur, bls. 104 -141)
- sarpur.is

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn var smíðaður á Húsavík og gerður þaðan út í 38 ár. Hann er á sýningu sjóminjasafnsins m.a. til marks um það hvernig trillur voru útbúnar um miðja 20. öld, áður en tæknivæðing nútímans hélt innreið sína.⁴⁶ Það eykur mikið á gildi bátsins að margvíslegur búnaður fylgir honum.

⁴⁶ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001 (skýrsla)



Steingrímur EA 644 utandyra við Safnahúsið. Ljós. HMS 2018

Steingrímur EA 644

1. Skipaskrárnúmer: 5424

2. Tegund: Opinn vélbátur; trilla

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík

5. Fyrri eigendur:

- 1933: Steingrímur Hallgrímsson, Látrum við Eyjafjörð

- 1935: Valgarður Sigurðsson, Hjalteyri

- skömmu fyrir 1990: Harandur Jóhannsson, Borgum; Grímsey


- 1993: Safnahúsið á Húsavík ⁴⁷

6. Varðveislustaður: Útisvæði sjóminjasafnsins á Húsavík (2001)

7. Smíðaár: 1933

8. Smíður: Steingrímur Hallgrímsson, Látrum. Að smíðinni vann einnig Stefán Björnsson, Litla Svæði, Grenivík.

⁴⁷ Bátar sjóminjasafns Safnahússins, skýrsla 2001



Steingrímur EA 644, framstefni, utandyra. Ljós. HMS 2018

9. Smíðastaður: Látrar við Eyjafjörð, S-Þing. (síðasti báturinn sem þar var smíðaður)

10. Brúttórúmlestir: 1,62⁴⁸

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,6 x 1,74 x 0,75

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik, súðbyrtur

13. Skrokklag: Framstefni beint, afturstefni bogið.

14. Þilför:


15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



*Steingrímur EA 644 eftir að hann hafði verið seldur til Grímseyjar, 1990.*⁴⁹

⁴⁸ Hann er 1,43 brl skv. Ríkka R

⁴⁹ Árbók Þingeyinga 1992 bls. 83

20. Notkunarsaga:

Steingrímur smíðaði bátinn til eigin nota. Hann átti hann í rúm tvö ár og reri á honum ásamt syni sínum, Halli. Báturinn lenti í miklum hrakningum 14. desember 1935 og fórust þá feðgarnir, sem náðu landi en króknuðu.⁵⁰ Sagt er nánar frá slysinu í næsta reit.

Eftir slysið komst báturinn í eigu Valgarðs Sigurðssonar, Hjalteyri, og er hann skráður fyrir honum 1940. Báturinn er síðan gerður út frá Hjalteyri. Árið 1985 er hann endurskráður á sama mann. Báturinn datt út af skipaskrá í fjögur ár en ekki er vitað á hvaða tímabili það var.

Árið 1990 seldi Valgarður bátinn Haraldi Jóhannessyni, Borgum, Grímsey. Mestan tíma sinn í Grímsey var báturinn inni í skúr hjá Haraldi þar sem starfsmaður Siglingastofnunar var tregur til að gefa honum skoðunarvottorð nema að undangengnum lagfæringum. Þegar báturinn hafði verið í þrjú ár í Grímsey var hann tekinn af skipaskrá, 1993, og gefinn Sjóminjasafninu á Húsavík.



Steingrímur EA 644 utandyra við Safnahúsið. Ljós. HMS 2018

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Báturinn ferst

Hinn 14. desember 1935 gekk mikið hamfaraveður yfir landið. Það olli stórfelldum mannskaða og fjártjóni víða á landinu og við strendur þess. Áður en óveðrið skall á fóru feðgarnir á Látrum á Látraströnd, Steingrímur Hallgrímsson og sonur hans Hallur, á trillunni Steingrími EA-644 inn að Grímsnesi að sækja kind, sem þeir áttu þar.

Er báturinn kom aftur út að Látrum var landtaka ófær vegna brims og stórviðris. Heimilisfólkið á Látrum var komið niður í fjöru til að taka á móti bátnum en þegar hann hvarf þeim sjónum taldi fólkið hann sokkinn og þá feðga tínda skammt frá landi. Síðar kom í ljós að

⁵⁰ Sverrir Guðmundsson: Helför Látrafeðga 14. desember 1935

svo var ekki því að báturinn hélst ofansjávar frá Látralendingu og inn að Knarrarnesi neðan Víkurskarðs.

Sigling smáskeljar þessa löngu leið í ofsaveðri þótti með miklum ólíkindum og er nokkuð ljóst að þar hefur farið saman góð hönnun og smíði á bátnum og frábær stjórnun hans. Síðan var hreint kraftaverk lenda honum. Þeir feðgar komu bátnum óskemmdum í fjöru utan á Knarrarnesi. Við nesið er fremur aðgrunnt og brýtur því all langt norður og út af því.

Á sunnudagsmorgni fann bóndinn í Miðvík bátinn á Knarrarnesinu og í honum Steingrím örendan. Var hann með áverka á höfði og lagður til í bátnum. Strax á mánudagsmorgni leituðu menn frá Svalbarðsströnd Halls en fundu ekki. Daginn eftir var sendur bátur frá Akureyri með fjölda leitarmanna einnig til aðstoðar. Leituðu 80 manns þann dag allan en árangurslaust. Álitid var að Hallur hefði hrakist í sjóinn en svo reyndist ekki því að hann fannst um vorið og þá nokkuð langt til fjalla.⁵¹

***Steingrímur Hallgrímsson*, Látrum Látraströnd (1874 - 1935)**

Steingrímur var annálaður bátasmiður og stjórnandi á sjó en heimildir nafngreina fáa af bátum hans. Vitað er um árabát, sem Steingrímur smíðaði fyrir Árna Jónsson, Syðriá í Kleifum, Ólafsfirði, svo sem frá er greint í „Byggðin á Kleifum“ eftir Friðrik G. Olgeirsson.⁵²



Steingrímur Hallgrímsson og Helga Pétursdóttir.



Hallur Steingrímsson að draga línuna. Eftir slysið var báturinn seldur til Hjalteyrar og nefndur Steingrímur.

Myndir úr Árbók Þingeyinga 1992, með greininni Helför Látrafeðga.

22. Ástand báts: Slæmt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

⁵¹ Sverrir Guðmundsson: Helför Látrafeðga; Ríkki R

⁵² Sverrir Guðmundsson: Helför Látrafeðga; Ríkki R (heimild Ríkka R er aba.is)

Safnið lét gera við bátinn þegar hann kom til safnsins. Nú eru borðstokkar fúnastir. Báturinn er ansi fúinn en honum má bjarga en hann þarf að fara inn í hús strax.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Sverrir Guðmundsson: *Helför Látrafeðga 14. desember 1935*. Árbók Þingeyinga 1992, bls. 77-83.
- Rikki R: <http://rikkir.123.is/blog/2011/10/07/545781/> 28.12. 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Báturinn er etv. sá eini sem á uppruna sinn við austanverðan Eyjafjörð á fyrri hluta 20. aldar. Á þeim slóðum höfðu margir viðurværi sitt af sjónum um aldir. Báturinn er í einna bestu ástandi af þeim eru geymdir utandyra við Safnahúsið en þarf að fara inn í hús eins og aðrir.



Steingrímur EA 644 utandyra við Safnahúsið, barkinn. Ljós. HMS 2018



Farsæll ÞH utandyra við Safnahúsið. Ljós. HMS 2018

Farsæll ÞH (TH 10?)

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík

5. Fyrri eigendur:

Ýmsir eigendur, m.a.:

- Bessi Guðlaugsson⁵³

- Þórarinn Vigfússon⁵⁴

- tekinn af skrá 1986

6. Varðveislustaður: Útisvæði sjóminjasafnsins árið 2001.

7. Smíðaár: 1951

8. Smiður: Jóhann Sigvaldason bátasmiður

9. Smíðastaður: Húsavík

10. Brúttórúmlestir: 1,38

⁵³ Sjá Sögu Húsavíkur IV

⁵⁴ Sýningarspald í Safnahúsinu á Húsavík

- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 6,2 x 1,96 x 1,00 ⁵⁵
- 12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Eik og fura; súðbyrtur
- 13. Skrokklag:** Bæði stefni eru bogin
- 14. Pílför:**
- 15. Yfirbygging:**
- 16. Lokuð rými:** Vélarhús
- 17. Möstur og seglabúnaður:**
- 18. Vél:** Solo 4 hö
- 19. Siglingatæki og annar búnaður:**



Farsæll ÞH utandyra við Safnahúsið, framstefni. Ljós. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Bessi Guðlaugsson gerði lengi út á smábátum frá Húsavík. Síðasti eigandi, Þórarinn Vigfússon, notaði hann mest til silungsveiði.⁵⁶ Tekinn af skrá 1986 og dæmdur ónýtur. Hann var þó notaður lengi eftir það við sjóbirtingsveiði og fleira. Gefinn til Safnahússins á Húsavík 2001.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt - slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Viðgerð framkvæmd 2001. Talsvert fúinn, þarf m.a. málningu.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Sýningarspjald í Safnahúsinu á Húsavík
- Sæmundur Rögnvaldsson og Björn Helgi Jónsson: Saga húsavíkur IV, Húsavík 2001.

⁵⁵ Mælt 10.7. 2018

⁵⁶ Sýningarspjald í Safnahúsinu á Húsavík

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Heimildir eru fáar – aðallega skýrslan frá 2001 og etv. Saga Húsavíkur IV.



Farsæll þH utandyra við Safnahúsið, barkurinn. Ljós. HMS 2018



Vélin í Farsæli. Ljós. HMS 2018



Njörður TH 246. Ljós. HMS 2018

Njörður TH 246

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík (frá 1991)

5. Fyrri eigendur:

- 1932: Björn Sigurðsson, Sigurður Björnsson, Guðmundur Björnsson, Gunnar Björnsson og Baldur Björnsson, Grjótnesi á Melrakkaslétu

- 1959: Báturinn settur endanlega upp

- 1991: Björn Björnsson Grjótnesi gaf bátinn til safnahússins á Húsavík. ⁵⁷

6. Varðveislustaður: Í sýningarhúsi sjóminjasafnsins á Húsavík.

7. Smíðaár: 1931 eða fyrr

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Lofoten, Noregi ⁵⁸

⁵⁷ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Jón Björnsson 147

⁵⁸ Lófótungur. Wikipedia.org 28.12. 2017

10. Brúttórúmllestir: 1,7-2

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,90 x 1,85 x 0,8 (sennilega innanmál)⁵⁹

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Lófótungur (Aafjord-bátur)

Lófótungur (Nordland-bátur / Aafjord-bátur)

Bátar af þessari gerð eru kallaðir Lófótungar hérlandis af því að þeir voru mjög algengir fiskibátar við Lofoten og víðar í Noregi um langt skeið. Þeir rekja ættir sínar allt til Víkingaaldar.

Þessir bátar eru með hátt og bratt stefni, eitt mastur með háu trapisulaga þversegli og toppsegli. Í skutnum var lítið skýli sem hægt var að taka af. Stærstu bátarnir af þessari gerð (sex- og áttrónir) voru notaðir til fiskveiða við Lófóten. Þeir komu líka við sögu línuveiða undan Austfjörðum þar sem Íslendingar keyptu þá af Norðmönnum og gerðu út fram yfir aldamótin 1900.

Tveir endurgerðir Aafjord-bátar eru til á Íslandi, í Reykjavík og á Húsavík. Þeir voru gjöf frá Noregi í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974. Þeir munu vera fyrstu endurgerðu teinæringarnir af þessari gerð en síðan þá hafa nokkrir slíkir verið smíðaðir í Noregi.⁶⁰



Njörður TH 246, skutur. Ljós. HMS 2018

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Etv. hefur verið skýli í skut

⁵⁹ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12.

⁶⁰ Lófótungur. Wikipedia.org 28.12. 2017

17. Möstur og seglabúnaður: (gera má ráð fyrir að verið hafi hátt trapisulaga þversegl og toppsegl)

18. Vél:

- 1932: Karl Erik vél er sett í hann, 4 hö ⁶¹

- Universal vél (er í honum núna)

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Njörður TH 246. Horft aftur eftir bátnum. Vélin virkar lítil. Ljós. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Báturinn kom í Grjótnes á Sléttu árið 1932, vélarlaus. Sett var í hann vél og hann notaður þar til sjósóknar til ársins 1959 er hann var settur endanlega upp á land. Var afskráður og úrskurðaður ónýtur 1966.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Sett var í hann vél 1932. Báturinn var endurbyggður að hluta árið 1955 og þá skipt um kjöl og þrjú neðstu borðin í byrðingnum.⁶²

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn þarfnaðist mjög mikillar viðgerðar árið 2001, sem sennilega hefur verið farið í. ⁶³


25. Heimildir:

⁶¹ Jón Björnsson bls. 146

⁶² Jón Björnsson bls. 147

⁶³ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar IV, bls. 146-147. Rvk. 1999.
- Wikipedia: Árfjarðarbátur 28.12. 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- sarpur.is



Njörður TH 246, líklega áður en hann var gefinn á safnið.⁶⁴

26. Varðveislustaða: Safngripur. Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Forvitnilegur bátur en illa farinn. Líklega er Njörður eini báturinn sem eftir er af Lófótungum sem nokkuð var keypt af til landsins á fyrstu áratugum 20. aldar.



Njörður TH 246, stefnið. Ljós. HMS 2018

⁶⁴ Myndin er úr riti Jóns Björnssonar bls. 147



Þráinn ÞH 2 við Safnahúsið, 2018. Ljós. HMS

Þráinn ÞH 2

1. Skipaskrárnúmer: 5357. **Safnnúmer:** 2728

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1972: Þórleif EA 56. Eigandi: Valdemar Traustason, Grímsey (1922-2004)

- 1978: Leiknir SI 33. Eigendur: Jónas Tryggvason og Pétur Baldvinsson, Siglufirði.

- 1980: Þráinn ÞH 2. Eigendur: Pálmi Héðinsson (1930-2014) og Benedikt Héðinsson (1934-), Húsavík

- 2000: gefinn Safnahúsinu á Húsavík; tekinn af skipaskrá 3. apríl 2000 ⁶⁵

6. Varðveislustaður: Útisvæði sjóminjasafnsins árið 2001

7. Smíðaár: 1972

8. Smiður: Kristján Sigurðsson bátasmiður (1902-1999)

9. Smíðastaður: Siglufjörður

10. Brúttórúmlestir: 5,15

⁶⁵ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Jón Björnsson 182

- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 8,7 x 2,76 x 1,2
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik og fura; súðbyrtur ⁶⁶
13. Skrokklag:
14. Pílför:
15. Yfirbygging: Stýrishús, lúkar
16. Lokuð rými: Lest, vélarrúm
17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla og aftursigla
18. Vél: Lister 44 hö
19. Siglingatæki og annar búnaður:



Þráinn ÞH 2. Bræðurnir Benedikt og Pálmi Héðinssynir draga lagnet á trillunni sem þeir áttu á árunum 1980-2000. Ljósm. Þorgrímur Aðalgeirsson. ⁶⁷

20. Notkunarsaga:

Báturinn var upphaflega smíðaður fyrir Valdemar Traustason í Grímsey. Hann var þar í sex ár og þá seldur til Siglufjarðar. Hann stoppaði þar stutt við því að tveimur árum seinna var hann seldur til Húsavíkur og þar var hann uns hann var tekinn af skrá tuttugu árum seinna, árið 2000.

Kaupendur að bátnum árið 1980 voru bræðurnir Pálmi og Benedikt Héðinssynir. Þeir höfðu báðir langa reynslu af trilluútgærd og höfðu átt aðrar trillur. Á Þráni ÞH 2 lögðu þeir stund á allar hefðbundnar veiðar á trillu, voru síðustu árin mest á grásleppuveiðum og handfæri en þeir gerðu út samkvæmt aflamarki. ⁶⁸

⁶⁶ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001.

⁶⁷ skipamyndir.123.is/blog/2011/03/19/511928/

⁶⁸ Saga Húsavíkur IV bls. 267



Þráinn ÞH 2 við Safnahúsið, 2018. Ljós HMS



Þráinn ÞH 2 við Safnahúsið, 2018, dekkið og lúkarinn. Ljós. HMS



Þráinn PH 2 við Safnahúsið, 2018. Ljósmynd HMS

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Valdemar Traustason, Pálmi Héðinsson.



Þráinn PH 2 á stíminu. Ljósmynd Jón Björnsson ⁶⁹

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var í fullkomnu standi þegar hann var afhentur safninu í apríl 2000, skv. safnstjóra. Hann hefur verið málaður á ný. En nú er hann farinn að láta verulega á sjá og ekki annað að gera en setja hann inn í hús ef á að varðveita hann.

25. Heimildir:

⁶⁹ Jón Björnsson bls. 182

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1. Rvk. 1999
- Sæmundur Rögnvaldsson og Björn Helgi Jónsson: Saga Húsavíkur IV. Húsavík 2001
- sarpur.is
- skipamyndir.123.is/blog/2011/03/19/511928/
- Erlendur og Guðmundur frá Grenivík í Grímsey. Morgunblaðið, minningargrein um Valdemar Traustason. 9. okt. 2004
- Hjalti Þór, Sigríður Soffía o.fl. Morgunblaðið, minningargreinar um Pálma Héðinsson. 10. maí 2014

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Þráinn ÞH 2 sýnir vel hvernig vel búnir fiskibátar voru á seinni hluta 20. aldar.



Gaflbytta, 2018, á útisvæðinu við Safnahúsið. Ljós. HMS

Gaflbytta (selabytta)

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; fjórróinn

3. Hlutverk: Selveiðibátur; fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík (frá 1999)

5. Fyrri eigendur:

Sennilega hefur byttan aldrei fengið nafn og ekki verið skráð hverjir voru eigendur hennar. Hún var aðallega notuð á tveimur stöðum á hálftrar aldar tímabili:

- 1934: Mýrarkot á Tjörnesi

- Ærlækur í Öxarfjarðarhreppi (sem er sauðfjárbú nokkra km frá ósum Jökulsár á Fjöllum)

6. Varðveislustaður: Á útisvæði sjóminjasafnsins á Húsavík, 2001.

7. Smíðaár: 1934

8. Smiður: Júlíus Sigfússon bátasmiður

9. Smíðastaður: Húsavík

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,7 x 1,63 x 0,7

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur



Gaflbyttan, 2018, á útisvæðinu við Safnahúsið. Ljós. HMS 2018

13. Skrokklag: Gaflbytta.

Nöfn á smábátum

Í Þingeyjasýslum voru notuð þrjú nöfn á litlar fleytur sem höfðu það sameiginlegt að vera fyrir allt niður í einn ræðara, notaðar á ám og vötnum og nálægt landi á sjó og voru með gafl, þverskornar, að aftan. Þau voru prammi, bytta og julla.

- Prammar voru minnstir og þverskornir, með gafl, bæði að framan og aftan.
- Bytturarnar voru ögn stærri og notaðar á svipuðum stöðum.
- Jullurnar voru með gafl að aftan en með beint stefni. Orðið gaflbytta bendir til að til hafi verið byttur án gafls.

Fleiri nöfn voru notuð á smábáta annars staðar. M.a.:

- Skekta
- Léttbátur (hlutverk aðallega að ferja fólk milli skips og lands)

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Byttan var upphaflega notuð í Mýrarkoti á Tjörnesi við margskonar veiðiskap, hrognkelsa- og silungsveiði og skak á sumrin, auk selveiða. Báturinn var seldur þaðan austur í Ærlæk í Öxarfjarðarhreppi og eftir það aðallega notaður við silungsveiði á Hafursstaðavatni.



Ærlækur í Öxarfirði. Ljós. Bændablaðið 2017.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Af slíkum fjórrónum gafl- eða selabyttum var mikið við Skjálfanda á fyrstu áratugum 20. aldar.

22. Ástand báts: Gott - sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var í slæmu ástandi árið 2001 og þarfnaðist mikillar viðgerðar. Sú viðgerð hefur farið fram og er hann m.a. eins og nýmálaður nú.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla.
Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn: Ath.





Bjarki PH 271 á útisvæði sjóminjasafnsins í Safnahúsinu á Húsavík. Ljós. HMS 2018

Bjarki PH 271

1. Skipaskrárnúmer: 5525

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Safnahúsið, sjóminjasafn 2002

5. Fyrri eigendur:

- 1962: Héðinn Maríusson

- 1976: Helgi Héðinsson

Báturinn hét sennilega í upphafi Sæfari PH 271.

6. Varðveislustaður: Útisvæði sjóminjasafnsins á Húsavík.

7. Smíðaár: 1962

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Hafnarfjörður

10. Brúttórúmlestir: 3,81

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,4 x 4,5 x 1,15⁷⁰

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

⁷⁰ Jón Björnsson: Íslensk skip. Stærð hans var mæld sumarið 2018.

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarúm

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla; fokka og höfuðsegl (?)

18. Vél: Guldner vél 25 hö


19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var gerður út á Skjálfanda allt til ársins 2002.



Bjarki ÞH 271 á siglingu á Skjálfandaflóa. Ljós. Hafþór Hreiðarsson



Helgi Héðinsson. Mynd: Sigurður Hallmarsson



Helgi Héðinsson skverar Bjarka PH 271 meðan hann var gerður út. Ljós. Börkur Kjartansson.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Kynningarspjald sjóminjasafnsins fyrir útisvæði safnsins
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rvk. 1999
- Aðsókn að Safnahúsinu var góð í sumar. Mbl. 24. sept. 2002

Báturinn er ekki nefndur í bátaskrá safnsins árið 2001 enda ekki gefinn fyrir en árið eftir, 2002.

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður.

27. Almenn umsögn:

Báturinn er illa farinn og er líklega ekki á bætandi fyrir safnið að standsetja hann.



Bjarki ÞH 271, 2018. Eins og sjá má er hann illa farinn. Ljós. HMS



Bjarki ÞH 271. Fátt er eftir í stýrishúsinu. Ljós. HMS 2018



Prammi, nýsmíði, á sjóminjasafninu á Húsavík, 2018. Ljósmynd. HMS

Nýsmíði:

Prammi

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur; fyrir einn ræðara (?)
3. Hlutverk:
4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík, sem keypti hann af smiðnum
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur: Engir
6. Varðveislustaður:
7. Smíðaár: 1996
8. Smiður: Hilmar Valdimarsson smiður

Helstu bátasmiðir Húsavíkur á 20. öld

Þeir voru þessir í aldursröð:

- Júlíus Sigfússon
- Jóhann Sigvaldason
- Baldur Pálsson
- Hilmar Valdimarsson

Þeir notuðu allir sömu skapalón sem komin voru upphaflega frá Júlíusi Sigfússyni.⁷¹ Fram að því höfðu eyfirskir prammar verið fyrirmynd en Júlíusi fannst þeir ekki vera nógu stöðugir. Þetta er síðati pramminn sem var smíðaður á Húsavík, nú hafa fleytur úr áli eða plasti tekið við.⁷²

9. Smíðastaður: Húsavík

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 3,65 x 1,46 x 0,44⁷³

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; sýðbyrtur

13. Skrokklag: Gaflybyggður

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Prammi, nýsmíði, á sjóminjasafninu á Húsavík, 2018. Ljósmynd. HMS

20. Notkunarsaga:

Báturinn hefur aldrei í vatn komið. Hann er varðveittur til að sýna það handverk sem var á slíkum prömmum sem smíðaðir voru á Húsavík af öllum bátasmiðum sem þar störfuðu á 20. öld. Alltaf voru notuð sömu skapalón sem komu upphaflega frá Júlíusi Sigfússyni. Eyfirskir prammar höfðu verið algeng fyrirmynd en honum þótti þeir ekki nógu stöðugir og gerði breytingar frá þeim. Síðan tók Jóhann Sigvaldason við, þá Baldur Pálsson og loks Hilmar Valdimarsson. Þetta er

⁷¹ Sömu skapalón fyrir pramma? Sömu eða eins?

⁷² Safnahúsið á Húsavík: Batar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001.

⁷³ Mældur 2018.

síðsti pramminn smíðaður á Húsavík en þeir eru ekki lengur smíðaðir, enda mun dýrari en smáfleytur úr áli eða plasti sem nú eru á markaði.⁷⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla.
Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður

27. Almenn umsögn:

Gildi hans felst í því að hann sýnir það handverk sem var á slíkum prömmum sem smíðaðir voru á Húsavík á 20. öld. Athuga þarf hverju hann bætir við þá báta sem fyrir voru á safninu.



Upplýsingaspjald á sjóminjasafninu, Safnahúsinu á Húsavík, 2017.

⁷⁴ Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001.



Hrafn á sýningu sjóminjasafnsins í Safnahúsinu á Húsavík. Ljós. HMS 2018

Nýsmíði:

Hrafn

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur / seglskip

3. Hlutverk: Fiskiskip

4. Eigandi: Safnahúsið á Húsavík frá 1981

5. Fyrri eigendur:

- 1974: Jon Godal og Kjartan Mogensen

- 1974: Húsavíkurbætur, Sjómannafélag Húsavíkur og landeigendafélag Laxár og Mývatns

6. Varðveislustaður: Sjóminjasýning Safnahússins á Húsavík

7. Smíðaár: 1971-1974

8. Yfirmsmiður: Magnar Gilde

9. Smíðastaður: Monstad í Aafjord, Norður-Noregi ⁷⁵

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 12,6 x 3,5 x 1,05 ⁷⁶

⁷⁵ Kjartan Mogensen 85; Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001.

⁷⁶ Mældur 2018.

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Með lagi algengra báta, Aafjord-báta, í Noregi sem voru í notkun við N-Noreg í aldaraðir eða til tíma vélbáta, í lok 19. aldar.

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Yfirbygging í skut

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Hrafn á sýningu sjóminjasafnsins í Safnahúsinu á Húsavík, skutur. Ljós. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Hrafn var smíðaður í Noregi upp úr 1970, eftirlíking algengra fiski- og flutningabáta þar í landi sem voru mikið notaðir á 17. og 18. öld og allt til loka 19. aldar. Hann líkist einnig víkingaskipum til forna, er grunnskreiður súðbyrðingur, sigldur og róinn, með þversegl.

Hrafn var siglt til Íslands sumarið 1974 ásamt systurskipi, Erni, í tilefni af 1100 ára afmæli Íslands byggðar, og gefinn Húsavíkurkaupstað, Sjómannafélagi Húsavíkur og landeigendafélagi Laxár og Mývatns. Áhugi eigendanna á honum var lítill og var Safnahúsinu á Húsavík afhentur hann árið 1981.

Báturinn var í notkun hjá skátum framan af, þeir sigldu honum töluvert 1978-1987 á Skjálfanda. Einnig fékk Hrafn Gunnlaugsson hann lánaðan í kvikmyndagerð („Hrafninn flýgur“) o.fl. Við kvikmyndagerðina fór báturinn illa auk þess sem ýmis búnaður úr honum skilaði sér ekki til baka.

Gert hefur verið við bátinn sem sýningargrip og hefur verið haft að leiðarljósi að vinargjöf skuli virða og vel um hirða. Báturinn er í öndvegi á sjóminjasýningu Safnahússins á Húsavík og er honum ætlað að gefa gestum hugmynd um þá farkosti sem landnámsmenn komu á frá Noregi í upphafi Íslands byggðar.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátum:

Sigling Hrafnis til Íslands og gjöf hans til Húsvíkinga árið 1974 var vináttuvottur af hálfu Norðmanna. Hún var einnig táknræn, til að minnast þess að samkvæmt Landnámu nam Náttfari, einn af skipverjum Garðars Svavarssonar, land við Náttfaravík við Skjálfanda. Það merkir að ef sagan af Náttfara er byggð á staðreyndum þá var hann fyrsti landnámsmaðurinn á Íslandi, á undan Ingólfi Arnarsyni.

Þeir sem höfðu frumkvæði að smíði Hrafnis og Arnar voru tveir ungir menn sem voru að byrja starfsferil sinn, Norðmaðurinn Jon Godal og Íslendingurinn Kjartan Mogensen sem var af norskum ættum. Á þeim tíma, árið 1970, vann Kjartan hjá landbúnaðarskólanum í Ási í Noregi og Jon vann hjá Institut ved skogforskning. Þeir kynntust og tókst með þeim vinskapur. Báðir voru áhugamenn um siglingar, Jon hafði reynslu af því að sigla litlum bátum með þversegli en Kjartan af bátum með nútímalegra seglafyrirkomulagi. Þeir ræddu oft um það hve gaman væri að feta í fótspor feðra sinna, sigla til Íslands, og þá gjarnan á bátum sem líktust skipum landnámsmanna

Jon átti lítinn Aafjord-bát og hafði reynslu af að sigla honum. Sá sem smíðað hafði bátinn var Magnar Gilde, sem bjó í Monstad í Aafjord, mikill áhugamaður um gerð gamalla skipa. Þeir leituðu til hans og sömdu við hann um að smíða tvo Aafjord-báta, rúmlega 12 m að lengd, til fararinnar. Hann tók því vel en þurfti 2 ár til verksins, ekki síst vegna þess að Kjartan og Jon voru efnalitlir og hann þurfti að smíða bátana meira og minna í hjáverkum.⁷⁷

Samkvæmt grein sem Kjartan Mogensen skrifaði um málið var Magnar Gilde einráður um hönnun og smíði bátanna. Þeir félagar, Kjartan og Jon, höfðu ekki afskipti af henni. Jon Godal kann þó að hafa gert það. Hann var mikill áhugamaður um Aafjord-bátinn og fljótlega eftir Íslandssiglinguna lagðist hann í rannsóknir á honum. Á árunum 1988-1990 kom síðan út rit í fjórum bindum eftir hann og Gunnar Eldjarn sem hét *Nordlandsbåten og Afjordsbåten*. Kjartan Mogensen starfaði hins vegar sem arkitekt á Íslandi eftir siglinguna.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:


Gert var við hann og honum breytt eitthvað fyrir kvikmyndagerð. Einnig var hann lagfærður eftir að hafa verið lánaður til kvikmyndagerðarinnar.

25. Heimildir:

- Safnahúsið á Húsavík: Bátar sjóminjasafns Safnahússins á Húsavík 6.12. 2001. Skýrsla. Skjalasafn Safnahússins á Húsavík.
- Gunnar Eldjarn og Jon Godal: Nordlandsbåten og Afjordsbåten I – IV, Lesja 1988-1990 (sjá m.a. 1. bindi bls. 141)
- Kjartan Mogensen: Ferð norsku teinæringanna Hrafnis og Arnar. Árbók Þingeyinga 1992, bls. 84-105.
- Wikipedia: Nordlandsbåt
- Helgi Máni Sigurðsson: Greinargerð varðandi „víkingaskipið“ Örninn (bréf). Rvk. 12.9. 1996. Skjalasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.
- husmus.is
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995

⁷⁷ Kjartan Mogensen s. 84-85

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður. Safngripur.




Hrafn árið 1995, utandyrá með yfirbreiðslu. Ljós. Jón Allansson.

27. Almenn umsögn:

Varðveislugildi bátsins fyrir íslenska siglinga- og fiskveiðisögu virðist lítið. Hrafn og Örn munu hins vegar hafa verið fyrstu eftirgerðir þessara báta, Aafjordsbátanna. Áhugavert væri að kanna hvað Norðmönnum finnst um varðveislugildi þeirra. Byggðasafn Þingeyinga leggur áherslu á að Hrafn sé vinargjöf og slíka gjöf skuli virða. Einnig hefur verið undirstrikað um að báturinn hafi verið þjóðargjöf. En þá má spyrja til hvers Norðmenn hafi ætlast með gjöfinni, hvort þeir líti svo á að gildi hans hafi verið táknrænt.

Báturinn er veglegur og hefur sýningargildi eins og aðstandendur Safnahússins á Húsavík hafa lagt áherslu á. Hann mun líklega þjóna hlutverki sem staðgengill landnámsskips meðan safnið á ekki eiginlega eftirgerð. Og raunar er ekki full víska fyrir því hvernig bátar landnámsmanna voru.



Hrafn á sýningu sjóminjasafnsins í Safnahúsinu á Húsavík. Ljós. HMS 2018



Helgi ÞH 94, 2018. Ljósmynd: HMS

Skyndiskráning:

Bátur með óljósa stöðu

Helgi ÞH 94

1. Skipaskrárnúmer: 5478
2. Tegund: Vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi:
5. Fyrri eigendur:
 - 1962: Benedikt Héðinsson, Húsavík
 - 1979: Gunnar Hvanndal, Húsavík
6. Varðveislustaður: Útisvæði sjóminjasafnsins á Húsavík
7. Smíðaár: 1960
8. Smiður:

9. Smíðastaður: Hafnarfjörður

10. Brúttórúmlestir: 2,08

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,03 x 2,17 x 1,0⁷⁸

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:


15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Helgi BH 94, 2018. Ljós. HMS

20. Notkunarsaga:

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar IV. Rvk. 1999

Báturinn er ekki nefndur á kynningarspjaldi safnsins fyrir útisvæðið. Hann er heldur ekki nefndur í bátaskrá safnsins árið 2001.

26. Varðveislustaða:

⁷⁸ Mældur 2018

27. Almenn umsögn:

Báturinn er illa farinn og er líklega ekki á bætandi fyrir safnið að standsetja hann.



Helgi ÞH 94, 2018. Ljós. HMS



Helgi ÞH 94, 2018. Ljós. HMS